



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Agnes Guðjónsdóttir, deildarstjóri ráðgjafar

Efni: Minnisblað um ECoD European Capital of Democracy 2027

European Capital of Democracy (ECoD) er evrópskt átaksverkefni sem stofnað var árið 2021 með það markmið að efla og styrkja lýðræði um alla álfuna, stuðla að lýðræðislegum stjórnarháttum og auka félagslega samheldni. ECoD er rekið af sjálfseignarfélaginu ECoD gemeinnützige GmbH (ECoD NPO).

Á hverju ári hlýtur ein evrópsk borg titilinn Lýðræðishöfuðborg Evrópu og leiðir þá heilsársverkefni sem kallast lýðræðisár. Titilhafandi borg skipuleggur ráðstefnur, viðburði og verkefni sem tengja saman almenning, fræðasamfélag, stjórnvöld og alþjóðlega þátttakendur með það að markmiði að efla lýðræðislega þátttöku og nýsköpun í stjórnsýslu. Lýðræðishöfuðborgir Evrópu síðustu ára hafa verið Barcelona á Spáni árið 2024, Vín í Austurríki árið 2025 og Cascais í Portúgal árið 2026.

Umsóknarfrestur fyrir þær borgir sem vilja koma til greina sem Lýðræðishöfuðborg Evrópu árið 2027 er til 15. nóvember næstkomandi.

Þær borgir sem sækja um að verða lýðræðisborg Evrópu verða sjálfkrafa aðilar að Evrópska borgarnetinu ECN en það er óháð því hvort borgin verður tilnefnd Lýðræðishöfuðborg Evrópu. Árgjald fyrir þátttöku í European Capital of Democracy Network (ECN) er 5.000 evrur (710.900 kr m.v. gengi 16.10.25) á ári. Sú borg sem valin verður sem Lýðræðishöfuðborg Evrópu greiðir aukalega þátttökugjald að fjárhæð 50.000 evra (7.109.000 kr m.v. gengi 16.10.25). Það gjald kæmi til greiðslu á árinu 2028. Á móti er gert ráð fyrir mótframlagi frá ECoD og aðgangi að styrkjum og samstarfssjóðum innan borgarnetsins.

ECN er samstarfsvettvangur sem hefur það að markmiði að tengja saman fulltrúa evrópskra borga til að auðvelda samskipti, efla samvinnu og miðla þekkingu á sviði lýðræðislegra stjórnarhátta og samfélagsþróunar. Netið nær nú yfir 24 borgir í 15 löndum, þar á meðal Antwerpen, Barcelona, Bologna, Braga, Bratislava, Brussel, Burgos, Cascais, Durrës, Gdańsk, Izmir, Kraká, Kænugarð, Leipzig, Linz, Metz, Opole, Rotterdam, Rzeszów, Sarajevo, Sofia, Tirana, Valongo og Vín.

Meðlimir ECN hafa aðgang að:

- Samstarfi og tengslamyndun: Reglulegir staðfundir og netviðburðir skapa vettvang fyrir skipti á reynslu og upplýsingum milli borga.
- Þjálfun og þekkingarmiðlun: Vinnustofur, fræðsla og jafningjanám styðja við hæfniþróun og miðlun reynslu.
- Aðgang að sérfræðiþekkingu: Meðlimir fá aðgang að viðburðum og verkefnum innan ramma European Capital of Democracy (ECoD), þar sem kynnt eru dæmi um lýðræðisstarf og nýsköpun í stjórnsýslu.





Aðild að ECN veitir einnig aðgang að fjarnámskeiðum (webinars) sem haldin eru nokkrum sinnum á ári, án endurgjalds. Þar geta borgir kynnt verkefni sín, fengið endurgjöf og átt í umræðum við aðrar aðildarborgir. Auk þess eru tveir árlegir viðburðir tengdir ECoD þar sem meðlimir ECN geta tekið þátt: Innovation in Politics Awards og ACT NOW Mayors Conference.

Umsóknarferlið inniheldur útfyllingu umsóknareyðublaða og framlagningu gagna um lýðræðislega ferla, verkefni og aðferðir innan stjórnsýslu borgarinnar. Úr hópi umsækjenda eru þrjár borgir sem komast árfam í undanúrslit. Í febrúar 2026 heimsækja matsaðilar þessar borgir til að kynna starfseminni nánar og meta framkvæmd og gæði þeirra lýðræðisverkefna sem umsóknin byggir á. Niðurstöður heimsóknanna eru grundvöllur fyrir lokamat dómnefndar ECoD sem ákveður hvaða borg hlýtur titilinn Lýðræðishöfuðborg Evrópu 2027.

Niðurlag:

Taka þarf afstöðu til þess hvort Reykjavík skuli sækja um verkefnið með það að markmiði að hljóta titilinn Lýðræðishöfuðborg Evrópu árið 2027, með þeim verkefnum og skuldbindingum sem því fylgja, eða hvort rétt sé að einblína eingöngu á þátttöku í netverki ECN.

Aðild að ECN felur í sér aðgang að samstarfsneti evrópskra borga þar sem boðið er upp á fræðslu, jafningjastuðning, netviðburði, styrkjámöguleika og ráðstefnur. Slík aðild veitir jafnframt vettvang til að kynna þau lýðræðisverkefni sem Reykjavíkurborg hefur unnið að á undanförunum árum.

Áður en umsóknarferli er hafið þarf þó að tryggja viðeigandi fjármagn og mannahald, þar sem bæði umsóknin og hugsanleg tilnefning fela í sér umtalsverðan undirbúning og kostnað sem ekki rúmast innan núverandi ramma án frekari úrræða.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Agnes Guðjónsdóttir,
deildarstjóri ráðgjafar



Reykjavík